



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



BÍÓTÓNLEIKAR

SÍÐASTI BÆRINN Í DALNUM

11. DESEMBER
2018



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Lengd tónleikanna er u.þ.b. ein og hálf klukkustund og eru þeir án hlés.



Síðasti bærinn í dalnum er samstarfsverkefni Kvikmyndasafns Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Leikmunir úr myndinni Síðasti bærinn í dalnum eru til sýnis á 2. hæð fyrir framan Eldborg.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

BIÓTÓNLEIKAR Í ELDBORG

SÍÐASTI BÆRINN Í DALNUM

**Sinfóníuhljómsveit
Íslands**

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Þórður Magnússon
umsjón með endurgerð
tónlistar

Hildigunnur Einarsdóttir
einsöngvari

EFNISSKRÁ

Síðasti bærinn í dalnum (1950)

Jórunn Viðar
tónlist

Óskar Gíslason
kvikmynd



BJARNI FRÍMANN BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Bjarni Frímann Bjarnason er fæddur 1989 og hóf ungur fiðlunám. Hann lauk prófi í lágfiðluleik frá Listaháskóla Íslands 2009 og stundaði svo nám í hljómsveitarstjórn við Hanns Eisler-tónlistarskólann í Berlín. Bjarni Frímann var skipaður tónlistarstjóri Íslensku óperunnar frá og með 1. janúar 2018 og sama ár var hann ráðinn aðstoðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það starf felur margt í sér og meðal annars á Bjarni Frímann sæti í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar.

Bjarni Frímann var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2018 sem tónlistarflytjandi ársins fyrir hljómsveitarstjórn í uppfærslu Íslensku óperunnar á *Toscu* eftir Giacomo Puccini. Í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins, 1. desember sl., stjórnaði Bjarni Frímann *Sinfónískri sagnaskemmtan* í Eldborg í boði ríkisstjórnar Íslands. Hann stjórnaði flutningi Íslensku óperunnar á *Hans og Grétu* eftir Engelbert Humperdinck í Norðurljósum nú í desember.



JÓRUNN VIÐAR

Jórunn Viðar fæddist í Reykjavík 1918. Hún lauk prófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1936, ári áður en hún tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík. Jórunn hélt síðan utan og hóf nám við Hochschule für Musik í Berlín árið 1937. Hún fór frá Berlín 1939 rétt áður en stríðið hófst. Árið 1943 fór hún til New York og stundaði þar tónsmíðanám í Juilliard-tónlistarskólanum auk þess sem hún var í einkatímum í píanóleik.

1946 sneri Jórunn heim til Íslands, en hún dvaldist síðar tvo vetur í Vín við frekara nám í píanóleik. Hún fór brátt að láta til sín taka á íslensku tónlistarsviði og árið 1950 varð hún fyrst íslenskra tónskálda til þess að semja tónlist við kvikmynd í fullri lengd. Það var myndin *Síðasti berinn* í dalnum. Þetta sama ár var ballett hennar, *Eldur*, fluttur í Þjóðleikhúsinu og var verkinu prýðisvel tekið. Af seinni verkum Jórunnar má nefna ballettinn *Ólafur Liljurós* frá 1951, píanóverkið *Hugleiðingar um fimm gamlar stemmur* 1963, og píanókonsertinn *Sláttu* frá 1977, en síðastnefnda verkið frumflutti Jórunn sjálf með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Auk þess samdi Jórunn mörg sönglög og tvö jólalög hennar eru alþekkt: *Það á að gefa börnum brauð* og *Jól*.

Jórunn starfaði sem píanóleikari við Söngskólann í Reykjavík um 20 ára skeið auk tónsmíða sinna og annarra tónlistarstarfa. Hún var lengi eina konan í Tónskáldafélagi Íslands. Árið 1989 komst Jórunn í heiðurslaunaflokk listamanna og hún fékk heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2004. Jórunn Viðar lést 2017, 98 ára gömul.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt verk Jórunnar Viðar margoft allt frá árinu 1950, þegar balletttónlistin *Eldur* hljómaði í fyrsta sinn. Árið 1977 frumflutti hún píanókonsertinn *Sláttu* undir stjórn Russlans Raytscheff, og söngperlurnar *Það á að gefa börnum brauð* og *Jól* hafa hljómað á ótal tónleikum hljómsveitarinnar. Árið 2003 hjóðritaði Sí ballettsvítuna *Ólaf Liljurós* undir stjórn Pauls Philips fyrir geisladiskinn *Mansöng* og hljómsveitin flutti *Eld bæði* 2016 og 2018. Auk *Sláttu* flutti Jórunn píanókonserta eftir Mozart, Beethoven, Chopin og Schumann með hljómsveitinni á árunum 1951-1962.



SÍÐASTI BÆRINN Í DALNUM

Síðasti bærinn í dalnum er brautryðjandaverk í íslenski kvikmyndasögu. Þetta var fyrsta leikna kvikmynd Óskars Gíslasonar og lauk tökum á myndinni 1949, en hún var frumsýnd 1950. Óskar Gíslason ljósmyndari (1901-1990) var einn fyrsti kvikmyndagerðarmaður Íslendinga og af öðrum myndum hans má nefna heimildamyndina, *Björgunarafrekið við Látrabjarg* frá 1947.

Sagan *Síðasti bærinn í dalnum*, sem er í anda íslenskra þjóðsagna, var eftir Loft Guðmundsson og kom út á bók sama ár og myndin var sýnd. Loftur (1906-1978) var rithöfundur og þýðandi og samdi bæði sögur og leikrit.

Síðasti bærinn í dalnum varð afar vinsæl kvikmynd og þrátt fyrir ýmsa hnökra, sem skiljanlegir voru í árdaga íslenskrar kvikmyndagerðar, hefur hún elst furðu vel. Nokkrar kynslóðir íslenskra barna hafa kynnst myndinni því hún var sýnd í sjónvarpi á 8. áratug 20. aldar og oftar. Margir sem sáu myndina á barnsaldri hafa aldrei gleymt hinum ógurlegu tröllum sem gátu breytt sér í sakleysilegt fólk, svo ekki sé talað um frægasta atriði myndarinnar þegar kistan flýgur.

Myndin er líka brautryðjandaverk að öðru leyti: hún var fyrsta mynd í fullri lengd með íslenski kvikmyndatónlist. Tónskáldið, Jörunn Viðar, tók hlutverk sitt alvarlega, hún horfði á myndina og vann tónlistina á sama hátt og þau kvikmyndatónskáld sem eru mestir atvinnumenn á þessu sviði. Hún var með skeiðklukku og tímamældi hvert atriði upp á sekúndu, fyrst þegar hún samdi tónlistina, svo þegar hljómlistin var spiluð inn.

Mikil notkun á kvikmyndinni hafði í för með sér álag og slit á hljóði og mynd og um leið riðluðust hinar nákvæmu tímasetningar Jörunnar. Upprunaleg útgáfa myndarinnar með samstilltri tónlist og mynd varðveittist ekki í heilu lagi. Þegar myndin var endurgerð með nýrri hljóðrás 1968 var ekki haft samráð við Jörunni og þess vegna tókst ekki sem skyldi að koma tónlistinni rétt fyrir. Sú gerð af myndinni sem notuð hefur verið síðustu 50 árin hefur því ekki verið með tónlist í samræmi við það sem tónskáldið hugsaði sér.

Víð endurgerð kvikmyndarinnar á þessu ári, 2018, voru notaðar upprunalegar tónlistarupptökur sem varðveist höfðu á lakkplötum, og voru þær prófaðar við þau atriði myndarinnar

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Í tilefni af aldarafmæli

Jörunnar, sem fæddist 7.

desember 1918, er myndin

Síðasti bærinn í dalnum

sýnd við lifandi hljóðfæraleik

Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Nótturnar að tónlist Jörunnar

voru lengi týndar en Þórður

Magnússon tónskáld skrifaði

tónlistina upp eftir myndinni

og útbjó til flutnings.

Kvikmyndasafn Íslands

endurvann myndina og setti á

stafrænt form.



þar sem líklegast þótti að þær ættu heima. Með mikilli fyrirhöfn og yfirlegu tókst að komast að því hvernig tónlistin kom á réttan hátt heim og saman við myndina.

Fyrir þá sýningu myndarinnar með lifandi hljómveitarleik sem fram fer á þessum tónleikum þurfti að endurskrifa tónlistina, þar sem upprunaleg raddskrá hafði ekki varðveist. Til þess var fenginn Þórður Magnússon tónskáld. Hann er fæddur 1973 og stundaði nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík og Tónlistarháskólann í París. Þórður hefur getið sér gott orð fyrir tónsmíðar og oftar en einu sinni fengið verðlaun fyrir tónlist sína, til dæmis fékk hann Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir besta sígilda tónverkið 2004 og var sama ár tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.



Í endurgerð sinni af tónlist Jórunnar fyrir *Síðasta bæinn í dalnum* hefur Þórður notast við það sem til var af hljóðfærarpörtum og fyllt inn í það sem vantaði með hliðsjón af gömlu tónlistarupptökunni. Segir hann að við þetta starf hafi skipt miklu máli hve nákvæm Jórunn var í tímamælingum þegar hún gekk upprunalega frá tónlistinni. Um 75 % tónlistarinnar sem hér heyrir hefur Þórður tekið beint upp úr hljóðfærarpörtunum, afganginn skráði hann eftir gömlu upptökunni.



Segja má að tónlistin skiptist í u.þ.b. 65 kafla. Henni er skipt í smábúta svo að auðveldara sé að láta hana passa við atriði myndarinnar. Eins og til er ætlast er tónlistin oft lýsandi fyrir það sem er að gerast; á einum stað þar sem tröllid öskrar heyrir harkalegur tréblásturshljómur, þegar tröllid er í smiðjunni að smíða skeifur glymur í tónlistinni í takt við hamarshöggin, styrkur tónlistarinnar magnast stig af stigi (crescendo) í óhugnanlegum atriðum eins og þegar tröllskessan nálgast börnin, og smellur heyrir þegar hún hrindir þeim ofan í kistuna.

Margar persónur myndarinnar hafa sitt stef í tónlist Jórunnar. Dvergurinn hefur til dæmis sérstakt dvergastef og bendir Þórður á það að Jórunn hafi gert ýmsar útgáfur af dvergastefinu þar sem hver gerð stefnsins átti við sitt atriði. Í upptökunni frá 1968 var hins vegar alltaf notuð sama útgáfa stefnsins, sú sem í rauninni átti aðeins að heyrast í lokin. Þannig var stórum hluta tónlistarinnar sleppt og endurtekningar notaðar í staðinn. Úr því hefur nú verið bætt.



Álfkonan hefur einnig sitt stef hjá Jórunni og þegar börnin leika sér heyrast léttir og glæðlegir tónar. Og að sjálfsgöðu hafa tröllin sitt stef. Það er stór tvíund upp á við sem leikin er tvisvar, enda eru tröllin tvö. Í sambandi við þetta er gaman að geta þess að í frægri erlendri kvikmyndatónlist, tónlist Johns Williams við kvikmyndina *Ókindin* (Jaws), er lítil tvíund upp á við spiluð hvað eftir annað til að magna óhugnaðinn. Sú tónlist verður til



1975, löngu á eftir tónlist Jórunnar. Auðvitað sá John Williams ekki *Síðasta bæinn í dalnum*, en hér hafa tvö tónskáld, hvort í sínu landi og á sínu tímaskeiði, fundið hvernig hægt er skapa skuggalegt andrúmsloft með því að nota endurtekna tvíund, stóra eða litla.

Í myndinni heyrst tvisvar sinnum leikið á langspil. Það er þegar amma tekur verndargripinn upp úr skrininu sínu, hringinn sem verndar fólkið á bænum fyrir tröllunum.




Þá er að geta um eina sönglag myndarinnar, *Týnd er hver varða*, við ljóð eftir Loft Guðmundsson. Það heyrst sungið þegar Björn bóndi fer með Grímari að leita að refagreni og þeir finna unga og fallega stúlku, sem segist hafa verið hrakin að heiman. Björn aumkvar sig yfir stúlkuna og býður henni vist hjá sér, en undir sakleysilegu yfirbragði hennar leynist tröllskessan sjálf. Hið dapurlega og seiðandi sönglag vekur hjá áhorfendum grun um að hér sé eitthvað yfirnátúrulegt að gerast, eitthvað sem muni hafa alvarlegar afleiðingar, og ríkir sá blær alveg frá því að Björn og Grímar leggja upp í ferð sína.



Íslensk þjóðlög voru mikill áhrifavaldur á tónlist Jórunnar Viðar og sagði hún eitt sinn frá því í viðtali að hún hefði ung keypt Þjóðlagasafn Bjarna Þorsteinssonar á 18 krónum og aldrei hefði fallið ryk á þá bók síðan. Hinn þjóðlegi tónn einkennir alla tónlist Jórunnar við *Síðasta bæinn í dalnum* þannig að það virðist fullkomlega eðlilegt að þessi tónlist hljómi við íslenskan torfbæ í dal og uppi á íslenskum fjöllum þar sem tröll, álfar og dvergjar þjóðsagnanna birtast ljóslifandi. Og nú fá áhorfendur í fyrsta skipti í marga áratugi að heyra tónlist Jórunnar Viðar með myndinni í þeim anda sem tónskáldið hugsaði sér og hrífast með tónmáli hennar og myndmáli Óskars Gíslasonar inn í dal ævintýranna þar sem kistan flýgur.

Una Margrét Jónsdóttir





GJAFABRÉF ICELANDAIR HÓTELA

Hvað ef það væri hægt að pakka inn upplifun?

Skoðaðu möguleikana á icelandairhotels.is/gjafabref

Nánari upplýsingar í síma 444 4600
og í tölvupósti á info@icehotels.is

Icelandair Hotels

JÓL OG ÁRAMÓT MEÐ SINFÓNÍUNNI



LAU 15^{DES} SUN 16^{DES} 14:00 & 16:00

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabíl verið hluti af hinum hefðbundna jólaundirbúningi hjá mörgum tónleikagestum. Á þessum hátíðlegu fjölskyldutónleikum verður skyggst inn í íslensku baðstofuna þar sem gömlu jólasveinarnir og jólakötturinn hafa hreiðrað um sig. Dansarar úr Listdansskóla Íslands, Stúlknaðor Reykjavíkur og Litlu sprotarnir flytja sígilda jólasöngva ásamt Valgerði Guðnadóttur og Kolbrúnu Völkudóttur, ungum lúðraþeyturum og Bjöllumkór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Trúðurinn Hildur kynnrir og hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.



FIM 10^{JAN} FÖS 11^{JAN} LAU 12^{JAN} 2019

VÍNARTÓNLEIKAR

Á glæsilegum Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar prýða nokkur af djásnum valsakónsins Johanns Strauss efnisskrána sem hefst venju samkvæmt á forleiknum að Leðurblökunni og lýkur á Dónárvalsinum. Dansarar stíga einnig á svið og ljá tónleikunum einstakan hátíðarblæ. Einsöngvarar á Vínartónleikunum eru Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað og Sveinn Dúa Hjörleifsson og hljómsveitarstjóri hinn danski Christian Kluxen. Ekki missa af þessum vinsælustu tónleikum sveitarinnar.



FIM 17^{JAN} 19:30

UNGIR EINLEIKARAR

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Sigurvegarar keppninnar í ár eru söngkonurnar Harpa Ósk Björnsóttir og Silja Elsabet Brynjarsdóttir, Guðbjartur Hákonarson, fiðluleikari og Hjörtur Eggertsson, sellóleikari. Um tónsprotann heldur brasilíski hljómsveitarstjórinn Ligia Amadio.

Óhætt er að segja að mikil eftirvænting ríki á hverju ári í aðdraganda þessara tónleika og stemningin á tónleikunum sjálfum er engu lík.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

11. DESEMBER 2018

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Jensdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laura Liu
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Ólöf Þorvarðsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Roland Hartwell
Christian Diethard
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Pascal La Rosa
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir

SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir

HORN

Asbjørn Bruun

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson

HARPA

Katie Buckley

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Eggert Pálsson

LANGSPIL

Eggert Pálsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

GJÖF SEM HLJÓMAR VEL

GEFÐU LIFANDI TÓNLIST
UM ÞESSI JÓL



Gjafakort Sinfóníuhljómsveitar
Íslands fæst í miðasölu Hörpu.



@icelandsymphony / #sinfó